

Lesefni við lokahátíðir
Stóru upplestrarkeppninnar
í 7. bekk

2015–2016



Skáld keppninnar
Bryndís Björgvinsdóttir
og Guðmundur Böðvarsson

Raddir,
samtök um vandaðan upplestur og framsögn
febrúar 2016

Textar eru valdir og búnir til fjölföldunar af Ingibjörgu Einarsdóttur, Þórði Helgasyni og Baldri Sigurðssyni til flutnings á lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk vorið 2016.

Búningur sögunnar eftir Bryndísi Björgvinsdóttur er miðaður við munnlegan flutning: Lesmáli er skipt í jafna búta, sums staðar er það aðlagað örlítið og greinarmerki sett þar sem þurfa þykir til glöggvunar fyrir hina ungu flytjendur.

Efni kversins

Inngangur — leiðbeiningar	4
<i>Um val á lesköflum</i>	<i>4</i>
<i>Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð</i>	<i>5</i>
<i>Um röð flytjenda.....</i>	<i>5</i>
Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð.....	6
Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni <i>Flugan</i> sem stöðvaði stríðið eftir Bryndísi Björgvinsdóttur.	7
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>7</i>
Önnur umferð: Ljóð eftir Guðmund Böðvarsson	27
<i>Inngangur kynnis</i>	<i>27</i>

Inngangur — leiðbeiningar

Um val á lesköflum

Hér birtist skyldubundið lesefni við lokahátíðir Stóru upplestrarkeppinnar vorið 2016. Þátttakendur lesa í þremur umferðum. Í fyrstu tveimur umferðunum lesa þeir efni úr þessu kveri, í þriðju umferð lesa þeir ljóð að eigin vali.

Í fyrstu umferð verða fluttar svipmyndir úr sögunni *Flugan sem stöðvaði stríðið eftir Bryndísi Björgvinsdóttur*. Þessum svipmyndum er hér skipt í 18 hluta, en það er hámarksfjöldi keppenda sem gert er ráð fyrir. Hæfilegt þykir víðast hvar að lesarar séu á bilinu 12 til 15 en ekki er gert ráð fyrir færri lesurum en átta.

Umsjónarmaður velur þá kafla sem henta fjölda lesara á hverjum stað. Til þess að sem best samhengi fáiast í flutninginn er mælt með að þessir hlutar sögunnar séu valdir:

8 lesarar	5,10–16
9 lesarar	4-5,10–16
10 lesarar	3-5,10–16 eða 5-7,10–16
11 lesarar	4-5,10–18, eða 4-7,10–16
12 lesarar	4-8,10-16 eða 5–16
13 lesarar	4–16 eða 4-7,10-18
14 lesarar	1-7,10-16 eða 4-8,10-18
15 lesarar	1-8,10-16 eða 4–18
16 lesarar	1–7,10–18 eða 1–16
17 lesarar	1-8,10–18
18 lesarar	1–18

Flytjendur fá að undirbúa þá kafla sem fluttir verða á hverri hátíð í viku til tíu daga. Á lokaæfingu, eða daginn fyrir lokahátíð, fá flytjendur að vita nákvæmlega hvaða hluta þeir eiga að lesa. Til hægðarauka má skrá nöfn lesara við númer hvers hluta á yfirlitinu hér á eftir.

Í annarri umferð lesa þátttakendur eitt ljóð eftir Guðmund Böðvarsson af þeim átta sem prentuð eru í þessu hefti. Mikilvægt er að nemendur dreifi vali sínu á sem flest ljóð.

Í þriðju umferð lesa þátttakendur ljóð algerlega að eigin vali, bundið eða óbundið, nýtt eða gamalt. Mikilvægt er að kennarar hvetji nemendur til að velja ljóð utan skólabóka.

Leiðbeiningar um kynningu á lokahátíð

Áður en upplestur hefst fer vel á að kynna flytjendur með nafni og úr hvaða skóla þeir eru. Annaðhvort gerir kynnir það eða flytjendur gera það sjálfir. Eftir að upplestur hefst þarf ekki að kynna þá frekar.

Í upphafi fyrstu umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að sögu Bryndísar Björgvinsdóttur, eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur þurfa ekki að kynna efnið frekar, heldur lesa sinn hluta beint af augum svo sagan myndi eina samfellda heild. Þeir eiga ekki að segja númer þess hluta sem þeir lesa en þeir eiga að lesa fyrirsagnir þar sem þær eru.

Í upphafi annarrar umferðar fer vel á að kynnir eða verðlaunahafi frá fyrra ári lesi inngang að ljóðunum eftir Guðmund Böðvarsson eða taki saman eigin kynningu. Flytjendur kynna aðeins heiti ljóðsins sem þeir hafa valið, en eiga ekki að endurtaka nafn skáldsins.

Í þriðju umferð getur kynnir þess í upphafi að flytjendur lesi ljóð að eigin vali. Þeir kynna sjálfir heiti ljóðsins og höfund þess.

Um röð flytjenda

Vel fer á að flytjendur sitji í sömu röð og þeir lesa söguna í fyrstu umferð. Í annarri umferð byrjar sá að lesa sem var fjórði eða fimmti í fyrstu umferð. Svo er fylgt sömu röð lesara og endað á þeim sem situr við hlið þess sem byrjaði. Í þriðju umferð er byrjað enn aftar og röðinni fylgt eins og áður.

Yfirlit um kafla sem lesnir verða í fyrstu umferð, flytjendur þeirra og röð.

1. _____
2. _____
3. _____
4. _____
5. _____
6. _____
7. _____
8. _____
9. _____
10. _____
11. _____
12. _____
13. _____
14. _____
15. _____
16. _____
17. _____
18. _____

Fyrsta umferð: Svipmyndir úr skáldsögunni *Flugan sem stöðvaði stríðið* eftir Bryndísi Björgvinsdóttur.

Inngangur kynnis

Skáld Stóru upplestrarkeppninnar að þessu sinni eru Bryndís Björgvinsdóttir og Guðmundur Böðvarsson.

Bryndís Björgvinsdóttir fæddist í Hafnarfirði árið 1982 og ólst þar upp. Hún lærði sagnfræði og þjóðfræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 2009 en hafði á námsárunum einnig fengist við stundakennslu í sama skóla.

Bryndís hefur fengist við skapandi skrif meðfram fræðastörfum sínum og hefur skrifað ljóðabækur og barnabækur. Þar má nefna bókina *Hafnfirðingabrandarann* sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2014 og Fjöruverðlaunin 2015.

Bókin sem varð fyrir valinu til lestrar í Stóru upplestrarkeppninni í ár er *Flugan sem stöðvaði stríðið*. Sú bók hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin árið 2011 og var valin bók mánaðarins á Bókamessunni í Frankfurt þá um haustið.

Flugan sem stöðvaði stríðið er óvenjuleg saga. Hún fjallar um Kolkex, Hermann Súkker og Fluguna sem eru ósköp venjulegar húsflugur. Fáir taka eftir þeim og þær gera sjaldnast neitt merkilegt. Það breytist daginn sem nýi rafmagnsflugnaspaðinn er keyptur á heimilið. Þá flýja þær og leita uppi munkana góðu í Nepal sem „aldrei gera flugu mein“. Þá hefst spennandi atburðarás þar sem flugurnar taka til sinna ráða. Þeim tekst að stöðva illræmt stríð en það er ekki án fórnar og þá kemst fluga í fyrsta sinn á forsíðu blaðanna.

Sagan er sögð frá sjónarhorni flugnanna og það er skemmtilegt að sjá mennina með þeirra augum. — *Góða skemmtun!*

1.

Einn morgun snjóaði svo mikið þar sem þessi saga hefst og endar að öll borgin hvarf undir skjannahvíta snjóbreiðu. Um stund minnti hún meira á ægistórt óskrifað blað en byggt ból — allt þar til íbúarnir fóru á stjá. Þeir óðu fannfergið fram og til baka og kölluðust á. Sumir runnu jafnvel til þegar þeir reyndu að feta sig áfram og ultu síðan um koll. Hundar stukku á milli skaflanna og geltu á þá sem duttu. Þeir glefsuðu í snjóflyksurnar sem svifu niður úr himninum og sveifluðu þráðbeinum skottunum eins og rúðupurrkum í hríðarbyl. Nokkrar hænur ráku hausinn upp úr snjónum og litu spyrjandi í kringum sig. Þær gögguðu forviða út í loftið, enda vissu þær hvorki hvað sneri upp né niður í borginni lengur, nú þegar hún var skyndilega orðin jafnhvít og flekklaus og þær.

Og inn á milli alls þessa — snjóflyksanna, fólksins, hundanna og áttavilltu hænanna — mátti sjá enn einn hóp borgarbúa fara á kreik: Fjórar svartar húsflugur skáskutu sér fimlega á milli snjókornanna og beygðu fyrir næsta húsahorn í einfaldri röð. Þær voru á leið á aðalgötu borgarinnar þar sem blaðasali hafði komið sér fyrir inni í beygluðum blaðsölustandi.

2.

– Lesið allt um atburði næturinnar! gólaði hann út í snjókomuna. Þó aðeins örfáum sinnum því fólk dreif að. Allir vildu fá að lesa og skoða nýjustu dagblöðin.

Flugurnar flugu yfir blaðasalann og innst inn í sölustandinn. Þar settust þær á dagblað og skoðuðu forsíðuna á meðan æ fleiri manneskjur komu aðvífandi og báðu blaðasalann um að rétta sér hin og þessi dagblöð yfir búðarborðið. Hann teygði sig því eins og krossfiskur í allar áttir eftir fleiri og fleiri blöðum sem fólkið fyrir utan las og sýndi hvert öðru.

– Ekki láta óseldu blöðin blotna í snjókomunni! veinaði blaðasalinn þegar fólkið fyrir utan byrjaði að láta blöðin ganga á milli sín. Þau streymdu úr sölustandinum eins og lækur langt niður eftir götunni þar sem þau ýmist rennblotnuðu eða tættust í sundur.

– Halló! æpti blaðasalinn vonleysislega.

– Ekki fara í burtu með blöð sem á eftir að borga fyrir! En allt kom fyrir ekki. Þennan morguninn virtust allir vera vitlausir í dagblaðalestur — sama hvað blaðasalinn tautaði og raulaði.

Forsíða blaðsins sem flugurnar höfðu sest á var þakin bókstöfum í öllum stærðum og gerðum. Á henni miðri var einnig flennistór ljósmynd.

3.

Flugurnar einblíndu niður fyrir sig, á þessa afskaplega óvenjulegu forsíðumynd.

Og þegar þær litu upp á ný sáu þær að nákvæmlega sama myndin prýddi forsíður allra hinna dagblaðanna í sölustandinum. Öll blöðin fjölluðu um það sama. Þau sögðu frá stríðinu sem hafði endað svo óvænt um nóttina áður. Umfjölluninni fylgdi þessi eina mynd — stór mynd af lítilli húsflugu, ekki svo ólíkri þeim sjálfum.

Húsflugurnar horfðu til skiptis á fluguna á forsíðunni og hamaganginn í fólkinu úti í snjónum. Þær voru allar að hugsa það sama. Þær vissu kannski ekki margt en þær vissu þó eftirfarandi:

Enginn í heiminum gat útskýrt atburði næturinnar betur en þær sjálfar. Ekki einu sinni dagblöðin. Sjálfar höfðu þær þekkt fluguna á ljósmyndinni. Og sjálfar höfðu þær séð alla merkustu atburði næturinnar með sínum eigin margbrotnu og glöggu húsfluguaugum. Þess vegna fannst þeim sem þær einar gætu leitt manneskjurnar í allan sannleikann. Þær ætluðu því að reyna að segja frá því sem hafði gerst og leiddi til þess að stríðið hætti og ein lítil húsfluga komst á forsíður allra stærstu dagblaða heimsins.

Við flytjum okkur því að upphafinu, nokkrum vikum fyrr, í allt aðra borg og í allt annað land.

4.

Herbergið var eitt flöktandi ljóshaf. Sjónvarpstækið lýsti upp hvítmáluðu veggina í gulu, bleiku eða bláu. Sófinn fyrir framan sjónvarpið var mannlaus en þó var ekki hægt að segja að enginn væri að fylgjast með sjónvarpsdagskránni.

Á stóru heimskorti sem hékk rétt fyrir ofan auða sófann stóðu tvær húsflugur — þær Flugan og Kolkex. Sú síðarnefnda horfði stíft á sjónvarpsskjáinn. Flugan trítlaði hins vegar um heimskortið og skoðaði löndin sem lágu í belg og biðu við fætur hennar. Hún þrammaði áfram og þau breyttust við hvert skref sem hún tók, yfir landamæri, skóga og fjöll. Flugan gekk fram á ljósblátt stöðuvatn. Hún var að virða fyrir sér nokkra bókstafi sem flutu ofan á því eins og afkáralegt skip þegar Kolkex kallaði á hana.

– Flugan! kallaði Kolkex. Sjáðu! Hún otaði öðrum framfætinum eins og fjarstýringu að sjónvarpstækinu.

Flugan leit upp, fram eftir mjóum og loðnum flugufæti Kolkexar og yfir á skjáinn. Þar blasti auglýsingin frá Sjónvarpsmarkaðinum við, sú sem Kolkex hafði séð fyrr um daginn þegar hún og manneskjurnar á heimilinu höfðu rétt lokið við að horfa á ástralskan framhaldspátt.

5.

Auglýsingin [frá Sjónvarpsmarkaðnum]¹ hófst á sakleysislegum nótum, á rósóttum garðhönskum, lífrænum plastpokum og próteinríku fuglafóðri. Henni lauk hins vegar á einstöku sumartilboði á hátæknilegum rafmagnsflugnaspaða sem þulurinn sagði að mundi „snöggsteikja allar tegundir flugna á augabragði með vægu raflosti.“

Manneskjurnar höfðu látið heillast af ódýra morðtólinu, tekið upp símann, hringt í Sjónvarpsmarkaðinn og, Kolkexi til mikillar skelfingar, pantað eitt stykki með bögglapósti og hraðsendingu.

– Þetta er hann! hrópaði Kolkex þegar flugnaspaðinn í auglýsingunni var sýndur takast á loft og rota einhverja aumingjans húsflugu úti í bæ til ólífis. Hann leit út eins og lítill tennisspaði.

– Þetta er skaðræðistólið sem manneskjurnar hafa pantað inn á heimilið! hélt hún áfram. Flugan leit undan. Hún starði niður á heimskortið aftur, hrygg yfir að manneskjurnar, sem þær höfðu búið með svo lengi, hefðu „ákveðið í sameiningu,“ rétt eins og Kolkex orðaði það fyrr um daginn, „að fá eitt bráðdrepani tryllingstæki fyrir sumarið.“ Hún sem hafði hlakkað svo til hlýjunnar og birtunnar.

¹ Lesist einungis ef flutningur byrjar hér.

6.

– Manneskjurnar eru ekki heima og bréfalúgan hefur ekki bærst, var tilkynnt úr dyragættinni. Þetta var Hermann Súkker sem talaði, þriðja og elsta húsflugan á heimilinu. Hann hafði staðið vörð um útidyrnar, ef vera skyldi að spaðanum yrði troðið inn um bréfalúguna.

– Það er verið að tala um þvottaefni í sjónvarpinu, sagði KolkeX stuttu síðar, þegar vinirnir höfðu þagað um stund hver í sínum heimi. Hún var óforbetranlegur sjónvarpssjúklingur, hún KolkeX, með botnlausan áhuga á mannfólkinu og uppátækjum þeirra.

– Manneskjurnar hafa verið að þróa nýtt þvottaefni sem gerir þvottinn þeirra skjannahvítan eins og óskrifað blað, hélt hún áfram án þess að slíta augun af skjánum. Undur og stórmerki! bætti hún við en Hermann lét sér fátt um finnast. Flugan virti hins vegar fyrir sér þvottaefnisbrúsann á skjánum sem í þessu var stillt upp fyrir framan háa og fagurhvíta þvottastafla sem minntu hana á smekklega blaðabunka.

– Ef ég væri manneskja myndi ég frekar vilja eiga bunka af blöðum en stafla af þvotti, sagði Hermann eftir örlitla umhugsun. Þá myndi ég skrifa fróðlegar upplýsingar um húsflugur á blöðin. Kannski heila bók!

– Það væri sniðugt, svaraði KolkeX að bragði. Það þyrfti einhver að gera það. Skrifa um flugur. Þá gætu manneskjurnar lesið sér til um okkur húsflugurnar og kannski skilið okkur aðeins betur í kjölfarið.

7.

– Já, stundum furða ég mig á hversu lítið þær vita um okkur, sagði Flugan. Við eigum heimili með þeim en samt taka þær eiginlega aldrei eftir okkur.

– Einmitt, og skrítnast er þó, hélt Kolkex áfram, að manneskjunum detti aldrei í hug að gefa okkur almennileg nöfn. Nú er ég til dæmis búin að verja allri ævinni fyrir framan sjónvarpið með manneskjunum sem búa hérna með okkur en samt kalla þær mig aldrei neitt annað en flugu!

– Það er nú ekki svo slæmt, sagði Flugan þótt hún vissi vel að langflestar flugur vilja vera kallaðar einhverjum alvörunöfnum — allar flugur heita jú eitthvað, rétt eins og mannfólkið.

– Stundum finnst mér að við ættum að gefa Flugunni almennilegt flugunafn, sagði Hermann, sem sjálfur hét fullu nafni Hermann Súkker frá Efri-Eldhússkáp. Kolkex bar reyndar nokkra ábyrgð á því. Hún hafði klínt millinafninu á Hermann einn daginn þegar hún kom að honum ofan í hvítum bréfpoka sem bar áletrunina Súkker. Hermann hafði verið of saddur og slappur til að mótmæla uppnefninu sem festist síðan við hann.

Kolkex varð nú lítið á sjónvarpsskjáinn eina ferðina enn. Og viti menn. Þar var að hefjast stutt heimildarmynd sem hafði verið auglýst nokkrum sinnum og Kolkexi langaði mikið að sjá.

8.

Þar sem Flugan og Hermann þekktu vel einskæra þörf Kolkexar fyrir sjónvarpsgláp fannst þeim réttast að gefa henni ró og næði. Hver vissi nema að brátt yrðu sjónvarpskvöldin hennar talin? Á meðan Kolkex öðlaðist frið til að sjúga í sig fróðleikinn úr sjónvarpinu héldu Hermann og Flugan inn í eldhús. Þaðan var auðvelt fyrir flugurnar að fylgjast með útidyrhurðinni og bréfalúgunni um leið og þær athuguðu hvað til væri að éta.

Hermann Súkker og Flugan settust á brún sykarkarsins inni í eldhúsi. Kvöldsólin skein inn um gluggann. Flugan baðaði sig í geislum hennar og nuddaði saman framfótunum. Hún brá þeim upp fyrir hausinn nokkrum sinnum, þreif sig aðeins í framan og tyllti þeim síðan aftur á drapplitað karið. Þegar hún leit yfir eldhúsið að nýju sá hún að geislar sólarinnar höfðu gert það ferskjulitað: eldhúsbordið, innréttingarnar og veggina. Flugunni varð strax hugsað til Hermanns en þegar hún ætlaði að athuga hvort hann hefði einnig tekið litabreytingum var hann hvergi sjáanlegur. Hann var gufaður upp!

– Hermann? spurði Flugan út í loftið. Hvert fórstu?
– Hingað — bergmálaði upp úr sykurkarinu við afturfætur Flugunnar.

9.

Flugan sneri sér við og kíkta ofan í karið. Hermann hékk þar á hvolfi á afturfótunum einum saman. Hann leit út eins og leðurblaka í helli.

– Þetta er svo fallegt, sagði hann. Frá ákveðnu sjónarhorni lýsir sólin sykurörðurnar upp. Þær glitra eins og demantar!

Flugan fikraði sig með fram sykurkarsbrúninni og leit snögg út um eldhúsdyrnar. Þegar hún hafði gulltryggt að enginn stæði við bréfalúguna hallaði hún sér fram af brúninni, alveg þar til hún hékk í sömu stellingu og Hermann. Og þá sá hún það sem hann hafði lýst svo fagurlega: Sykurbreiðan á botni karsins glansaði, glampaði, tindraði og sindraði í kvöldbirtunni. Hvert einasta sykurkorn byrjaði að loga í draumkenndum litum — mintugrænu, ljósbláu, fölbleiku, rauðgylltu, dimmfjólubláu og silfurgráu.

Hermanni og Flugunni fannst sjónarspilið svo sannarlega mikilfenglegt. Flugurnar skríktu svolítið á milli þess sem þær bentu hvor annarri á fleiri og fleiri liti. Þegar Flugan sá síðan purpurarauðu sykurkorni bregða fyrir draup óvart munnvatn úr fluguranaanum hennar. Það féll til botns og bleytti eina sykurörðuna með þeim afleiðingum að hún logaði enn skærar en áður. Flugurnar litu grallaralega hvor á aðra og tóku síðan að hrækja á víxl. Þær hræktu á fullu og litirnir frá sykurbreiðunni lýstu æ bjartar upp á móti þeim.

10.

Kolkex stormaði inn í eldhús um leið og heimildarmyndinni var lokið. Hún gat ekki beðið lengur en tæpa sekúndu með að segja frá því sem fyrir augu hafði borið.

Um leið og hún heyrði bergmál flugnanna berast upp úr sykurkarinu á eldhúsborðinu skellti hún sér niður á brún þess, hallaði sér fram yfir hana og öskraði ofan í karið:

– Þið þarna! Viljið þið gjöra svo vel að koma ykkur upp úr!

Flugan og Hermann hrukku í kút og engu munaði að þær misstu festuna. Þær voru nánast búnar að gleyma kaldranalega raunveruleikanum fyrir utan karið. Þær rétt náðu að bjarga sér frá því að falla ofan á hrákablautan sykurinn. Var flugnaspaðinn kominn í hús? Voru manneskjurnar kannski komnar með hann í hendurnar og farnar að ganga berserksgang?

– Hva... hvað er á seyði? spurðu flugurnar ringlaðar þegar þær höfðu bakkað upp úr karinu.

– Þið eigið bara ekki eftir að trúá þessu! svaraði Kolkex. Hún leit alls ekki út fyrir að vera áhyggjufull. Hún virtist öllu heldur vera kampakát. Hún ljómaði af svo miklum ákafa að sykurkornin bliknuðu nánast í samanburðinum.

– Það eru til manneskjur sem hreinlega elska húsflugur, sagði hún svo. Þessar manneskjur heita *munkarnir í Nepal*. Þátturinn í sjónvarpinu var um þá og það besta er að þeir eru til í alvörunni.

– Manneskjur sem elska húsflugur? átu flugurnar upp eftir henni. Til í alvörunni?

11.

– Já, svaraði Kolkex um hæl og endurtók síðan orðrétt það sem sagt hafði verið í sjónvarpinu: „Munkarnir í Nepal gera ekki flugu mein!“

Hermann og Flugan góndu hissa á Kolkexi. Þeim fannst erfitt að trúa eigin eyrum og héldu sig heyra ofheyrnir eftir að hafa hangið á hvolfi svona lengi. Kolkex leit hins vegar djúpt í opineygð andlit þeirra og sagði sannfærandi rómi:

– Munkarnir í Nepal myndu barasta bresta í grát ef þeir vissu af rafmagnsflugnaspaðanum.

– Ertu að segja að til séu mannverur sem þykir vænt um húsflugur? hvíslaði Flugan, rétt eins og hún væri ekki að spyrja Kolkexi heldur að tala við sjálfa sig. Þetta eru frábærar fréttir! hélt hún áfram og hugsaði síðan til heimskortsins. Hún mundi vel eftir landinu Nepal en að þar byggju svona kærleiksríkar manneskjur hafði aldrei hvarflað að henni!

– Þetta eru bestu fréttir sem ég hef heyrt! sagði Hermann Súkker aftur og aftur og stundum tóku Flugan eða Kolkex undir með honum: þetta eru virkilega góðar fréttir. Já, alveg ótrúlegar fréttir. Æðislegt, alveg hreint.

Hermann og Flugan báðu Kolkexi um að segja sér allt sem hún vissi um munkana góðu. Og hún dró ekkert undan.

12.

Hún sagði frá öllu því helsta sem hún hafði séð í heimildarmyndinni og lýsingarnar voru goðsagnakenndar. Góðmennsku munkanna í Nepal virtust engin takmörk vera sett. Kolkex sagði frá munki sem hafði boðið sjö húsflugum að borða kvöldmatinn með sér. Hún sagði einnig frá heilum munkahópi sem hafði með sameiginlegum aðgerðum bjargað drukknandi húsflugu upp úr vatnsglasi. Flugunum fannst sem þær hefðu himin fótum tekið. Munkarnir í Nepal voru svo sannarlega undursamlegar manneskjur.

– Þetta endalaus sjónvarpsgláp þitt borgaði sig nú aldeilis, Kolkex mín! sagði Hermann. Annars hefðum við aldrei vitað af tilvist þessara kærleiksríku manneskja.

– Jáhá, sagði Flugan sem ætlaði sér að segja meira en komst ekki lengra að sinni. Frá útidyrhurðinni barst skarkali. Svörtum plastböggli var ýtt gegnum bréfalúguna og inn á heimili flugnanna. Hann féll niður á dyramottuna með sakleysislegum dynk.

Í fyrstu þorðu flugurnar ekki að snerta böggulinn. Þær hlupu nokkra hringi í kringum hann og skoðuðu hann vel frá öllum hliðum. Þegar þær flugu yfir sást að hann var merktur Sjónvarpsmarkaðinum með þykkum grámyglulegum stöfum. Það var ekki fyrr en Hermann Súkker rak óvart annan afturfótinn í pakkann án þess að fá raflost sem flugurnar þorðu að príla upp á hann.

13.

Þær vissu að nú væri aðeins tímaspursmál hvenær manneskjurnar kæmu heim og rifu þaðann úr umbúðunum. Flugurnar svimaði við tilhugsunina um eltingarleikinn sem hlyti að fylgja strax á eftir.

En auðvitað ætluðu þær sér ekki að deyja ráðalausar. Þær vissu vel að þær langaði bæði til að lifa lengur og hitta fyrir munkana góðu í Nepal.

Þegar Hermann og Flugan sögðust halda að Nepal væri of langt í burtu benti Kolkex þeim á að ýmiss konar samgöngutæki færu þangað daglega. Hermann klappaði saman afturfótunum og stakk upp á að flugurnar skipulegðu sig og gerðu sérstaka flótt- og ferðaáætlun sem hefði það eitt að markmiði að koma þeim í öruggt skjól klausturveggjanna í Nepal. Flugurnar funduðu því um þessa svokölluðu flótt- og ferðaáætlun á öruggasta staðnum inni á heimilinu þessa stundina — ofan á svarta plastbögglinum miðjum.

Áætlunin var ekki flókin. Hún fólst í því að fljúga aftur inn í eldhús sem allra fyrst, lenda í gluggasýllunni, hoppa út um opinn gluggann og halda svo út á næsta flugvöll. Til að komast þangað ætluðu flugurnar að ferðast meðfram stærstu akvegum og fylgja leiðbeinandi vegaskiltum.

– Á flugvellinum getum við örugglega fundið okkur eitthvert klístur og kám í ranann, sagði Hermann að endingu, matargatið sjálf.

14.

– Og svo fljúgum við með flugvél beint í fang munkanna góðu í Nepal, botnaði Kolkex hressilega og hvetjandi.

Flugurnar hrintu flóttu- og ferðaáætluninni umsvifalaust í framkvæmd, flugu inn í ferskjulitað eldhúsið og út um gluggann. Á kvöldhimninum mátti greina flugvélar sem ýmist voru að hefja sig til flugs eða koma inn til lendingar. Þær klóruðu langar rákir í himininn líkt og hann væri úr viðkvæmu efni.

Flugurnar létu þær marka stefnu sína og sveimuðu af stað. Þær héldu að æ breiðari götum og pössuðu sig á að lesa á skiltin í vegköntunum sem vísuðu þeim að flugvellinum — allt þar til hann reis upp á móti þeim í laginu eins og geysistór diskókúla. Flugurnar höfðu aldrei séð annað eins. Flugstöðvarbyggingin var úr gleri og stálbitum og ljósin inni í henni voru svo skær að þau brutu sér leið langt út úr henni og sáldruðust eins og flórsykur um malbikið, móana og myrkrið í kring.

Flugurnar eltu hóp af manneskjum inn í húsið og reyndu að gera eins og þær. Þær fóru í biðraðir, gegnum leitarhlið og húktu við færibönd. Þær fóru fram hjá vegabréfa- og öryggiseftirliti, inn á salerni, út aftur og fram eftir löngum gangi sem leiddi þær inn í langstærsta herbergi sem þær höfðu augum litið.

15.

Það var að minnsta kosti helmingi stærra en stærsta herbergi sem þær höfðu getað ímyndað sér hingað til. Inni í herberginu voru veitingastaðir, barir, búðir og tugir kámugra rusladalla. Flugurnar vissu ekki hvar þær áttu að byrja. Þess vegna ákváðu þær að setjast einfaldlega niður á pappadisk sem lá einn og yfirgefinn á litlu borði við veitingastað. Hann var ferkantaður með sósu-afgöngum og örfáum frönskum kartöflum.

Hermann og Flugan hófust samstundis fóta við að drösla einni kartöflunni upp úr mesta sósusullinu. Á meðan tyllti Kolkex framfótunum upp á brún disksins. Hún horfði yfir herbergið, líkt og einbeittur skipstjóri á farþegaskipi. Hún gat ekki betur séð en að í næsta nágrenni við pappadiskinn væru þrjú sjónvarpstæki. Þegar Kolkex rýndi enn lengra inn í herbergið sá hún nokkur sjónvörp til viðbótar.

Hér inni voru sjónvarpstæki hreinlega upp um alla vegg! Og þau virtust öll sýna sömu sjónvarpsdagskrána — heiti nokkurra borga heimsins í lista. Eitt augnablik fannst Kolkexi sem hún væri stödd í kynlegum draumi þar sem sjónvarpsdagskránni og heimskortinu hafði verið blandað saman í einn graut. Hún hristi hausinn og braut heilann. Hún vissi betur. Hún vissi að sjónvarpstækin hlytu að þjóna einhverjum mikilvægum tilgangi.

16.

– Þetta er ekki nógu gott, umlaði Kolkex nokkru síðar og setti framfæturna aftur niður á jafnsléttu. Hún rölti þunglamalega yfir til hinna flugnanna og horfði á þær alvarleg í bragði.

– Héðan er ekki flogið til Nepal, sagði hún svo.

Hermann og Flugan hættu snarlega að vesenast með frönsku kartöflurnar. Flugan leit óttaslegin á Kolkexi og það fór kuldahrollur um Hermann þegar Kolkex útskýrði hverslags upplýsingar kæmu fram á sjónvörpunum: Þar mátti finna staðina sem flogið væri til og hvergi var Nepal að sjá.

– En Kolkex! suðaði Flugan. Hvað með að ég finni áfangastað sem er nálægt Nepal? Það hlýtur að ganga. Er það ekki?

– Virkilega góð hugmynd, svöruðu Hermann og Kolkex einum rómi.

– Við getum farið með flugvél í átt að Nepal og tekið síðan annað samgöngutæki síðasta spölinn, bætti Kolkex við.

– Já, eins og mótorhjól eða snekkju, sagði Hermann. Eða eitthvað þannig.

Flugan renndi nokkrum sinnum yfir borgalistann á sjónvarpsskjánum á meðan hún reyndi að rifja upp göngutúrana sína um heimskortið. Hún stakk síðan upp á flugi til borgar sem hét Assambad. Hún mundi eftir að hafa séð nafnið á svipuðum slóðum og Nepal á kortinu. Flugurnar glöddust yfir þessari úrlausn og þegar farþegum til Assambad var sagt að fara um borð í flugvélinu stukku þær af stað.

17.

Þær héldu niður teppalagða ganga og lásu á skilti og enn fleiri sjónvarpsskjái í leit að réttu flugvélinni. Að lokum komu þær að manneskjum í biðröð við inngang sem merktur var fjórum eða fimm tölustöfum og nafninu Assambad. Flugurnar fóru fram fyrir röðina, beinustu leið niður kuldalegan landgang og loks inn í háværan hólk sem sargaði í eins og ryksugu. Kolkex fullyrti að það væri flugvélín og flugurnar tylltu sér á rammgerða hurð sem á stóð rauðum aðvarandi stöfum: Neyðarútgangur. Notist aðeins í neyð.

– Núna þurfum við bara að bíða, sagði hún svo, hreykin af árangri flugnanna sem lagðar voru af stað til betra og innihaldsríkara lífs.

Þegar flugvélín hafði tekist á loft heyrðu flugurnar rödd gefa farþegum ýmsar upplýsingar. Hún sagði þeim hvert ferðinni væri heitið, hvað ferðalagið tæki langan tíma, hvað skyldi gera ef vélín bilaði og annað í þeim dúr. Ekkert af þessu vakti athygli flugnanna, mun athyglisverðara fannst þeim að röddin virtist ekki koma frá einum né neinum í vélinni. Hermann Súkker og Flugan litu allt í kringum sig til að sjá hver talaði en allt kom fyrir ekki. Röddin virtist hreinlega berast úr lausu lofti og öllum áttum!

18.

– Kolkex! hljóðaði Hermann. Hver er þetta sem talar svona mikið? Hvaðan kemur þessi rödd?

– Svona nú, svaraði Kolkex sem hafði gleymt sér eina örskotsstund og mændi sallaróleg út um einn flugvélargluggann. Þetta eru bara manneskjurnar að kvabba eitthvað í tæki sem heita hljóðnemi og hátalari, útskýrði hún. Þær gera það stundum til að ná eyrum þeirra sem eru langt í burtu. Manneskjan sem á röddina er örugglega inni í flugstjórnarklefanum fremst í vélinni. Við sjáum hana ekki.

Þegar flugurnar höfðu þvælst svolítið um og komið sér fyrir á neyðarútganginum aftur, fengið sér blund og setið saman um hríð, var þeim tilkynnt að stutt væri eftir af fluginu. Þá veltu þær fyrir sér hvað biði þeirra í Assambad. Flugið þangað hafði óhjákvæmilega sett strik í reikninginn. Flóttu- og ferðaáætlunin hafði eiginlega umbreyt í eins konar óvissu- og ævintýraferð.

Fljótlega eftir að flugvélin byrjaði að rúlla eftir flugbrautinni stöðvaðist hún. Þegar dyrnar opnuðust streymdi hlý gola inn í vélina og með henni barst framandi lykt af sandi og sólþurrkuðum leir.

Manneskjurnar tíndust á fætur og komu sér fyrir í röð, eina ferðina enn. Flugurnar fóru líka af stað og hoppuðu og skoppuðu ofan á höfðum þeirra líkt og á steinum í læk. Þegar út var komið skein sólin svo skært að svörtu húsflugulíkamarnir tóku strax að glansa eins og glænýir lakkrísmolar.

Önnur umferð: Ljóð eftir Guðmund Böðvarsson

Inngangur kynnis

Guðmundur Böðvarsson fæddist á Kirkjubóli í Hvítársíðu í Borgarfirði 1. september 1904 og lést árið 1974. Hann tók við búi af föður sínum á Kirkjubóli og bjó þar lengst af eftir það. Það kom fljótlega í ljós að í Guðmundi bjuggu miklir skáldhæfileikar og hann átti gott með að yrkja.

Fyrsta ljóðabók Guðmundar kom út 1936. Hún hét því heillandi nafni *Kyssti mig sól* eftir einu fegursta ljóðinu í bókinni. Það orti Guðmundur til unnustu sinnar, Ingibjargar, sem hann giftist árið 1931. Viðtökurnar við bók Guðmundar voru ævintýri líkastar, svo fagnandi var henni tekið. Í ljóðum hans lifnar öll náttúran við og hann dregur meðal annars upp myndir af landinu og landslaginu, litum himins og jarðar og sjálfri sólinni.

Guðmundur var mikill friðar- og réttlætissinni og lét sér annt um sjálfstæði landsins. Honum fannst sjálfstæðinu hafa verið fórnað við hernámið og í ljóðum sínum fjallar hann oft um hvað íslensk náttúra er dýrmæt og hve mikilvægt er að við kennum börnum okkar að meta hana og varðveita. Íslensk tónskáld hafa gert lög við kvæði Guðmundar og þannig höfum við kynnst mörgum þeirra í söng.

Nemendur geta nú valið milli átta ljóða Guðmundar en þau eru:

Heiðaljóð	Kyssti mig sól
Raul	Rauði steinninn
Vorið góða	Líf lamba
Ferðaljóð	Fylgd

Óhjákvæmilegt er að nokkrir flytjendur lesi sama ljóðið, en það gefur okkur hlustendum færi á að njóta mismunandi túlkunar.

Góða skemmtun!

Heiðaljóð

Hesturinn minn brúni,
stígðu hægt og létt
yfir þessa gleymdu
og grýttu troðninga.
Nú geng ég einn í hug mínum
grasi vaxinn slóða. —
Hesturinn minn brúni,
stígðu hægt vegna þess.

Við skulum ekki vekja það,
sem vel er að sofi.
En særðir fuglar
eru svefnstyggir.
— Þei, sorgarraddir blunda
inni í sál minni.
Við skulum ekki vekja þær,
vinur minn.

Því himinninn breiðir sólskin
á sofandi snjófjöll
og dimmagull á daggarský
í dölunum.
Hesturinn minn brúni,
stígðu hægt og létt,
meðan lágnættið grúfir
yfir lyngheiðum.

Kyssti mig sól

Kyssti mig sól og sagði:
Sérðu ekki hvað ég skín?
Gleymdu nú vetrargaddinum sára,
gleymdu honum, ástin mín.
Nú er ég átján ára.

Þá dunaði haustsins harpa
í hug mínum þungan slátt.
Því spurði ég: Geturðu gleymt þessum rómi,
sem glymur hér dag og nátt
og býr yfir dauðadómi?

Því blaðmjúkra birkiskóga
bíður lauffall og sorg,
og vorhuga þíns bíða vökunætur
í vetrarins hljóðu borg.
Við gluggana frosna þú grætur.

Þá hló hún inn í mitt hjarta,
hár mitt strauk hún og kvað:
Horfðu í augu mín, ef þú getur,
ástin mín, gerðu það —
og segðu svo: Það er vetur.

Þá sviku mig rökin, og síðan
syngur í huga mér
hinn hjúfrandi blær og hin hrynjandi bára,
hvar, ó, hvar sem ég fer:
Nú er ég átján ára.

Raul

Barnið mitt,
brjóttu nú ekki gullið þitt,
þó þú eignist önnur ný
ekki skaltu henda því.
Margir eiga engin gull,
ýmsir mörg,
sumir fá.
Geymdu þitt á góðum stað,
gefðu seinna öðrum það,
þeim sem ekkert á.

Barnið mitt,
þú veist ekki að brjóstið þitt
hýsir bæði gleði og grát,
gott og illt.
Hvort þú gengur inn eða út
er því búin fyrirsát.
Hjartakút
hýsir það,
— hann á að vera á réttum stað.

Barnið mitt,
farðu vel með hjartað þitt,
eyru heyra, augu sjá
illt og gott
nær og fjær,
þú skalt horfa og hlusta á,
hjá því enginn komist fær.
Finndu þá
hvernig hjartað slær.

Barnið mitt,
brjóttu ekki gullið þitt.
Barnið mitt,
farðu vel með hjartað þitt.

Rauði steinninn

Í vegarins ryki lá rauður steinn
— við riðum þar hjá, eins og gengur,
með háværum þys í þeysandi hóp.
Þá var ég ungur drengur.
Og röðull skein þá
hverri rós á brá.
Við riðum þar hjá.

En ljósið féll á hann um örskamma stund
með ósegjanlegu bliku.
Við hvarflandi jóreyk og hófaslátt
hann hvarf mér, — í vegarins ryki.
Eins og rúbínsteinn
var hann rauður og hreinn.
Eins og rúbínsteinn.

Ég leitaði hans seinna hinn sama dag,
einn sveinstauli lítill og hljóður,
en degi var hallað, dimman í hönd,
— það var dögghall og hásumargróður.
Og ég fann hann ei þar,
sem að fyrr hann var,
— hann fannst ekki þar.

Ég leitaði hans seinna dag eftir dag.
Mig dreymdi hann löngum um nætur:
Hann væntir þín, hulinn við hófsporsins grunn
og hljóðlega í dimmunni grætur.
En ég fann hann ei þar,
sem að fyrr hann var.
Hann fannst ekki þar.

— —

Vorið góða

Það man ég fyrst sem mína barnatrú
er myrkar hriðar léku um fenntan bæ,
að land mitt risi aftur, eins og nú,
úr ís og snæ,
úr ís og vetrarsnæ.

Sjá, enn er mold þín mjúk og tún þín græn
og mildum bláma slær á hvern þinn sand,
og trú mín leitar þá í þökk og bæn
til þín, mitt land,
til þín, mitt föðurland.

Og hvílík náð og hvílík páska-jól
til handa þeim er verður allur senn,
í þínu skjóli að sitja og þinni sól
einn sumardag,
einn sumardaginn enn.

Líf lamba

Það er lítið lamb að deyja,
liggur, kveinkar sér og stynur,
— snemma á sumri, í sæluviku —
dregur andann ótt og þjáist,
liggur kyrrt með lokuð augu,
lítið skinn með svartar klaufir,
fagurgljáar, fagursmáar.

Það er lítið lamb að deyja,
lamb með hrokkinn feld og gulan,
lamb með mjóa og langa fætur,
lamb með undur mjúka snoppu,
— aldrei skein hún á það sólin
öðru vísi en sljótt og sjúkt.

Hvílíkt ólán árla sumars.

Átti lamb að deyja í haust,
ennþá fegra og yndislegra,
— alveg barmafullt af lífi.

Fylgd

Komdu litli ljúfur,
labbi, pabba stúfur,
látum draumsins dúfur
dvelja inni um sinn,
— heiður er himinninn.
Blærinn faðmar bæinn,
býður út í daginn.
Komdu, kalli minn.

— —

Glitrar grund og vangur,
glóir sund og drangur.
Litli ferðalangur
láttu vakna nú
þína tryggð og trú.
— Lind í lautu streymir,
lyng á heiði dreymir,
— þetta land átt þú.

Hér bjó afi og amma
eins og pabbi og mamma.
Eina ævi og skamma
eignast hver um sig,
— stundum þröngan stig.
En þú átt að muna,
alla tilveruna,
að þetta land á þig.

—

Göngum langar leiðir,
landið faðminn breiðir.
Allar götur greiðir
gamla landið mitt,
sýnir hjarta sitt.
Mundu, mömmu ljúfur,
mundu, pabba stúfur,
að þetta er landið þitt.

Ferðaljóð

Bros mild er blessuð sólin;
hún blessar hvern einasta stað:
borgina, byggðina og sæinn,
— guð blessi hana fyrir það.

Og sannlega segi ég yður,
sem sorg og hugraunir þjá,
að sólin hún sortnar ekki
þó sitthvað gangi á.

Hún lagði, þú langferðamaður,
líknarhönd yfir þig.
Hún skein yfir vegarins skurði,
hún skein yfir veginn og mig.

Þá sungu mér dagmála-draumar,
þá dúði² mér gleymiskunnar hjól
við hennar himnesku nálægð,
því hún er vor eina sól.

—

Og sannlega segi ég yður,
sem sorg og hugraunir þjá,
að sólin hún sortnar ekki
þó sitthvað gangi nú á.

² dúði: dúaði, vaggaði